

Útgáfa tíðniheimilda fyrir þriðju kynslóð farsíma IMT-2000

Útboðslýsing

Desember 2006

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN,
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Efnisyfirlit

1	Útboðsskilmálar	3
1.1	Almenn atriði.....	3
1.2	Lágmarksskilyrði varðandi fjárhagsstöðu.....	4
1.3	Lágmarkskröfur um útbreiðsluvæði, áfanga og hraða uppbyggingar.....	4
1.4	Útreikningur stiga fyrir umsóknir.....	5
1.5	Kostnaður og gjöld.....	6
1.6	Afsláttur af tíðnigjöldum.....	6
1.7	Samstarf um að uppfylla útbreiðslukröfur.....	7
1.8	Takmörkun á fjölda umsókna.	7
2	Upplýsingar sem veita skal í umsóknum	8
2.1	Almennar upplýsingar.....	8
2.2	Starfsemi umsækjanda.	8
2.3	Tengsl við önnur fjarskiptafyrirtæki.	8
2.4	Tæknileg útfærsla.	8
2.5	Útbreiðsluvæði og hraði uppbyggingar.....	8
2.6	Fjárhagsstaða.....	9
2.7	Tæknileg geta.....	9
2.8	Viðbótarúthlutun tíðna.....	9
2.9	Réttar upplýsingar.....	9
2.10	Upplýsingaskylda Póst- og fjarskiptastofnunar.....	9
3	Skilyrði sem fyrirtækjum verða sett í tíðniheimild	10
3.1	Handhafi tíðniheimildar.....	10
3.2	Upplýsingaskylda og eftirlitsúræði.....	10
3.3	Heimild til tíðninotkunar.....	10
3.4	Fjarskiptavirki.....	11
3.5	Netbúnaður.....	11
3.6	Útbreiðsla.....	11
3.7	Framsalsbann.....	12
3.8	Breytingar á ákvæðum heimildarinnar.....	12
3.9	Afturköllun tíðniheimildar og önnur þvingunarúræði.....	12
3.10	Gjöld.....	12
3.11	Gildistími.....	12
	Viðaukar	13
	Viðauki 1 Tilboðsblað og stigaútreikningur.....	13
	Viðauki 2 Íbúafjöldi – Frá Hagstofu Íslands.....	15

1 Útboðsskilmálar

1.1 Almenn atriði

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) mun með heimild í lögum um þriðju kynslóð farsíma nr. 8/2005 að gefa út tíðniheimildir til starfrækslu þriðju kynslóðar farsímakerfa skv. IMT-2000 stöðlum Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU), þ.m.t. UMTS-stöðlum, að undangenginni auglýsingu og vali milli umsækjenda sem byggt verður á skilmálum sem fram koma hér á eftir. Allt að fjórum bjóðendum verður úthlutað tíðnum.

Þann 13. desember 2006 sendi Póst- og fjarskiptastofnun frá sér umræðuskjal, þar sem gerð var grein fyrir megin skilmálum í útboði þessu, og hagamunaaðilum gefinn kostur á því að koma á framfæri athugasemdum sínum þar að lútandi. Umsagnarfrestur var veittur til kl. 12.00 miðvikudaginn 20. desember sl. Alls bárust umsagnir frá fjórum aðilum og hefur Póst- og fjarskiptastofnun leitast við að taka tillit til þeirra eftir því sem kostur er.

Sérhver tíðniheimild gildir fyrir allt landið og mun fela í sér eitt eftirtalinna fjögurra tíðnisviða, sem hvert um sig er samtals 2 x 15 MHz FDD og 5 MHz TDD, samtals 35 MHz:

- 1) 1920-1935MHz / 2110-2125MHz og 1915-1920MHz
- 2) 1935-1950MHz / 2125-2140MHz og 1900-1905MHz
- 3) 1950-1965MHz / 2140-2155MHz og 1905-1910MHz
- 4) 1965-1980MHz / 2155-2170MHz og 1910-1915MHz

Umsóknir verða metnar skv. ákveðnum reglum og þeim gefin stig. Þeir sem bjóða mesta uppbyggingu á sem stystum tíma fá flest stig. Við mat á tilboðum verður tekið mið af eftirgreindum atriðum:

- Útbreiðslu IMT-2000-þjónustu til landsmanna með eigin fjarskiptaneti sem byggist á IMT-2000 stöðlum. Við mat á útbreiðslunni verður lögð til grundvallar búseta manna (skráð lögheimili).
- Hvenær áskrifendur umsækjanda muni njóta aðgangs að IMT-2000 neti hans.

Í kafla 1.4 er sýnt hvernig stig verða reiknuð á grundvelli skuldbindinga í tilboði umsækjanda um útbreiðslu og útbreiðsluhraða.

Ef fullgildar umsóknir verða fleiri en fjórar þannig að velja þurfi á milli þeirra, fá þeir úthlutun sem flest stig hafa. Verði stig umsækjenda jöfn, ræður hlutkesti niðurstöðu.

Sá umsækjandi sem fær flest stig fær fyrsta valrétt á tíðniheimildum 1-4 hér að ofan. Sá sem fær næst flest stig fær annan valrétt o.s.frv. Skal umsækjandi tilgreina óskir sínar í þeim efnum í umsókn sinni.

Komi engar umsóknir um tíðniúthlutun skv. UMTS-stöðlum verður að hámarki þremur umsækjendum úthlutað tíðnum.

Umsóknarfrestur er til kl 11:00 mánudaginn 12. mars 2007 og skal afhenda umsóknir í afgreiðslu Póst- og fjarskiptastofnunar, Suðurlandsbraut 4 í Reykjavík, bæði á pappírs- og tölvutæku formi.

Spurningar varðandi úthlutunarreglur og framkvæmd má senda til Póst- og fjarskiptastofnunar með tölvupósti til gudmundur@pta.is og verður reynt að svara öllum skriflegum spurningum. Stofnunin áskilur sér rétt til þess að birta upplýsingar um spurningar og svör sem veitt eru við þeim á vefsíðu stofnunarinnar www.pfs.is.

1.2 Lágmarksskilyrði varðandi fjárhagsstöðu

Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi fjárhagsstöðu til að standa við uppbyggingaráform skv. tilboði sínu.

Að lágmarki skal umsækjandi leggja fram fullnægjandi gögn í umsókninni sem sýni fram á að eigið fé hans sé a.m.k. 400 milljónir og eiginfjárlutfall fari ekki undir 20% á uppbyggingartímanum.

Eftir að tilboð hafa verið opnuð getur PFS óskað nauðsynlegra upplýsinga um umsækjanda og skulu þær lagðar fram innan 7 daga frá opnun tilboða. Um er að ræða staðfestar upplýsingar um fjárhag og veltu umsækjanda undanfarin tvö ár, m.a.:

1. Ársreikninga síðastliðinna tveggja ára.
2. Yfirlýsingar viðskiptabanka umsækjanda um viðskipti hans.
3. Skriflega yfirlýsing frá innheimtuaðilum ríkis og viðkomandi sveitarfélags þess efnis, að umsækjandi hafi greitt opinber gjöld undanfarin tvö ár og sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
4. Skriflega yfirlýsing um lífeyrissjóða starfsmanna umsækjanda um að hann hafi greitt iðgjöld í lífeyrissjóði undanfarin tvö ár og sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.

Farið verður með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál. Með undirritun tilboðs veitir umsækjandi PFS heimild til að sannreyna upplýsingar hjá innheimtumönnum opinberra gjalda og vörsluaðilum lífeyrissjóða.

PFS hefur heimild til að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós að þeir hafi orðið gjaldþrota eða komist í sambærilega aðstöðu síðastliðin fimm ár getur komið til þess að umsókn verði hafnað.

1.3 Lágmarkskröfur um útbreiðslusvæði, áfanga og hraða uppbyggingar

Lágmarkskrafa til hvers tíðnirétthafa er að IMT-2000 þjónusta nái til 60% íbúa sérhverra eftirfarandi svæða:

- a) Höfuðborgarsvæðis
- b) Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands vestra
- c) Norðurlands eystra og Austurlands
- d) Suðurlands og Suðurnesja

Til höfuðborgarsvæðisins telst Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Kópavogur, Garðabær, Álftanes og Hafnarfjörður. Svæði b) til d) miðast við kjördæmaskiptingu 1. desember 2006. Við útreikning útbreiðslu er miðað við lögheimili manna.

Lágmarkskröfur um áfanga og hraða uppbyggingar skulu vera skv. eftirfarandi töflu:

Áfangar (Tími frá útgáfu tíðniheimildar)	Lágmarkskrafa um útbreiðslu (Hlutfall íbúa sem stendur til boða IMT-2000 þjónusta)
T1: 1 ár og 6 mánuðir	40% af íbúum landsins alls. Frjálst val um svæði.
T2: 2 ár og 6 mánuðir	30% af íbúum sérhvers svæðis a), b), c) og d)
T3: 4 ár	60% af íbúum sérhvers svæðis a), b), c) og d)
T4: 5 ár og 6 mánuðir	60-75 % af samanlögðum íbúafjölda svæða b), c) og d). Ekki krafa, en þarf að uppfylla til þess að eiga rétt á afslætti af tíðnigjöldum. Sjá nánar kafla 1.6.

Til að mæla útbreiðslu þjónustunnar við lok hvers áfanga, samkvæmt ofangreindri töflu, verður lögð til grundvallar búseta manna (skráð lögheimili) miðað við 1. desember fyrra árs samkvæmt íbúaskrá sem gefin er út af Þjóðskrá. (Sjá viðauka 2).

Gerð er krafa um að tíðniheimildin verði tekin í notkun innan 12 mánaða frá útgáfu hennar. Að öðrum kosti áskilur PFS sér rétt til að fella tíðniheimildina niður

Gerð er krafa um að sams konar tæknileg geta í þriðju kynslóðar farsímanetinu verði boðin um allt land innan 18 mánaða frá því að hún er boðin fyrst á einu svæði. Með þessu er átt við að afkastageta hinna ýmsu tæknilegu eininga miðað við fjölda virkra notenda á hverju svæði sé með þeim hætti að unnt sé að veita sambærilega þjónustu alls staðar á landinu í þriðju kynslóðar farsímakerfi umsækjanda.

Í UMTS-neti telst svæði njóta IMT-2000 þjónustu þar sem sviðsstyrkur mældur utandyra í 1,7 m. hæð er a.m.k. 58 dB $\mu\text{V}/\text{m}/5\text{MHz}$.

Tíðniréttthafa er heimilt að miða við lægri sviðsstyrk, t.d. í dreifbýli eða með notkun TMA (Tower Mounted Amplifier) enda geti hann sýnt fram á á fullnægjandi hátt að mati PFS, að þjónusta farsímanetsins skerðist ekki.

Ef önnur IMT-2000 tækni en UMTS er notuð, skal umsækjandi leggja fram með tilboði sínu tæknileg gögn til samþykktar af PFS, sem sýna að mati PFS að sá lágmarks sviðsstyrkur, sem miðað er við, tryggi a.m.k. sambærilega IMT-2000 þjónustu við það sem næst skv. ofangreindum sviðsstyrk með UMTS tækni.

Lög nr. 8/2005 fjalla einungis um það tíðnisvið sem gildissvið laganna tilgreinir, sbr. 1. gr. þeirra. Að óbreyttum lögum er því ekki unnt að uppfylla útbreiðslukröfur laganna með þriðju kynslóðar farsímakerfi sem starfrækt verður á öðrum tíðnisviðum. IMT-2000 kerfi sem starfrækt eru á öðrum tíðnisviðum en tilgreind eru í kafla 1.1 uppfylla því ekki skilyrði útboðs þessa varðandi útbreiðslu. Verði lögum breytt með þeim hætti að heimilað verði að fullnægja útbreiðslukröfum á öðrum tíðnisviðum, getur komið til þess að PFS breyti skilmálum tíðniheimildarinnar og heimili slíkt að uppfylltum þeim skilyrðum sem lög kveða á um og heimila hverju sinni.

1.4 Útreikningur stiga fyrir umsóknir

Stigafjöldi umsóknar er reiknaður fyrir hvert svæði á þann veg að prósentutala útbreiðslu við hvern áfanga fær mismunandi vægi þannig að því fyrir sem útbreiðslu er náð fást fleiri stig. P4 fær þó sama vægi og P1. Eftirfarandi formúla gildir: $P1 + 0,75*P2 + 0,5*P3 + P4$.

Höfuðborgarsvæðið fær þó hálf tveimur stigum á við önnur svæði og P4 vegur 25% , skv. formúlunni $(P1 + 0,75*P2 + 0,5*P3 + 0,25*P4)*0,5$

Heildarstigafjöldi fæst með því að leggja saman stigafjölda allra fjögurra svæða a-d, sbr. kafla 1.3

Fyrir hvert svæði gildir:

P1 = Prósentutala útbreiðslu einu ári og sex mánuðum eftir að tíðniheimild er gefin út, þ.e. í lok áfanga T1.

P2 = Prósentutala útbreiðslu tveimur árum og sex mánuðum eftir að tíðniheimild er gefin út, þ.e. í lok áfanga T2.

P3 = Prósentutala útbreiðslu fjórum árum eftir að tíðniheimild er gefin út, þ.e. í lok áfanga T3.

P4 = Prósentutala útbreiðslu fimm árum og sex mánuðum eftir að tíðniheimild er gefin út, þ.e. í lok áfanga T4.

Áfangar T1-T4: sjá kafla 1.3

Í kafla 2.5 er sýnt hvernig umsækjendur skulu gera grein fyrir útbreiðslu og uppbyggingarhraða, sem þeir **skuldbinda sig** til að standa við.

1.5 Kostnaður og gjöld

a) Tíðnigjöld vegna úthlutunar

Skv. 4. gr. laga nr. 8/2005 um þriðju kynslóð farsíma skal umsækjandi sem fær úthlutað tíðniheimild greiða PFS gjald að upphæð 4 (fjórar) milljónir króna. Greiðist gjaldið við úthlutun.

Handhafi tíðniheimildar skal greiða tíðnigjald í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 8/2005 um þriðju kynslóð farsíma. Skal greiða 5 (fimm) milljónir króna við úthlutun og eftirstöðvar með jöfnum afborgunum á tveimur árum.

Hér að neðan eru sýnd tvö dæmi. Fyrra dæmið miðast við að útbreiðsla sé skv. lágmarkskröfum og ekkert umfram það. Þá fæst enginn afsláttur af tíðnigjaldi.

Síðara dæmið miðast við að fullur afsláttur fái, þ.e. útbreiðsla á samanlögðum svæðum b), c) og d) er a.m.k. 75%. Þá fæst 150 mkr afsláttur.

	Enginn afsláttur Útbreiðsla nákvæmlega 60% á sérhverju svæði a), b), c) og d).	Fullur afsláttur Útbreiðsla a.m.k. 75% á samanlögðum svæðum b), c) og d)
Við úthlutun:	5.000.000	5.000.000
6 mánuðum eftir úthlutun	46.250.000	8.750.000
12 mánuðum eftir úthlutun	46.250.000	8.750.000
18 mánuðum eftir úthlutun	46.250.000	8.750.000
24 mánuðum eftir úthlutun	46.250.000	8.750.000
Samtals tíðnigjald	190.000.000	40.000.000

Tíðniheimildin verður ekki gefin út fyrr en þau gjöld sem greiða ber við úthlutun hafa að fullu verið greidd.

b) Árleg gjöld

Fyrirtæki sem fá úthlutað tíðniheimild skulu, auk framangreindra gjalda, greiða árleg gjöld skv. ákvæðum laga um fjarskipti og laga um PFS.

Helstu árlegu gjöld eru rekstrargjald skv. 4. mgr. 14. gr. laga um PFS nr. 69/2003, sem er 0,30% af bókfærðri veltu, tíðnigjald skv. 5. tölulið 1. mgr. 14. gr. a) sömu laga, sem er kr. 256.500 fyrir hvert MHz (35 MHz x 256.500 kr/ári/MHz = 8.977.500 kr/ári), og jöfnunargjald skv. 3. mgr. 22. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, sem er 0,12 % af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækis.

1.6 Afsláttur af tíðnigjöldum

Fyrir uppbyggingu fjarskiptanets umfram 60% af íbúum sérhvers svæðis b), c) og d), sbr kafla 1.2, verður veittur afsláttur af tíðnigjaldi. Afslátturinn nemur 10 millj. kr. fyrir hvern hundraðshluta íbúa umfram 60% útbreiðslu utan höfuðborgarsvæðisins, þ.e. á samanlögðum

svæðum b), c) og d), sem IMT-2000 þjónustan nær til. Tíðnigjaldið verður þó aldrei lægra en 40 millj. kr.

Tekið skal fram að sá afsláttur sem umsækjandi á rétt á skv. þeim skuldbindingum um uppbyggingu fjarskiptanetsins sem fram koma í umsókn er dreginn frá tíðnigjaldi strax í upphafi. Komi í ljós við lok áfanga T4, sbr. kafli 1.3, að umsækjandi hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar um uppbyggingu fjarskiptanetsins umfram lágmarkskröfu laganna um 60% útbreiðslu utan höfuðborgarsvæðisins ber honum að endurgreiða þá upphæð sem hann hefur fengið í afslátt auk vaxtakostnaðar. Ef skilyrði fyrir afslætti bresta með þessum hætti verður fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, gert viðvart um það.

1.7 Samstarf um að uppfylla útbreiðslukröfur

Rétthöfum verður heimilt að hafa samstarf um það hvernig þeir uppfylli útbreiðslukröfur skv. umsóknum sínum, þannig að ekki þurfi að byggja upp samhliða fjarskiptanet þar sem markaðsaðstæður standa ekki undir slíkri uppbyggingu. Rétthafar eru þó skuldbundnir til að byggja sjálfir upp dreifikerfi skv. lágmarkskröfum ef þeir ná ekki samningum við aðra tíðnirétthafa um samnýtingu neta.

Tekið skal fram að slíkt samstarf rétthafa er háð því skilyrði að samkeppnisyfirvöld geri ekki athugasemdir við það.

1.8 Takmörkun á fjölda umsókna.

Hver umsækjandi má aðeins senda inn eina umsókn. Leggi umsækjandi eða aðili úr sömu fyrirtækjasamstæðu inn fleiri en eina umsókn mun PFS taka til úrvinnslu þá umsókn sem flest stig fékk. Hið sama gildir ef að umsóknum stendur aðili sem á ráðandi hlut í fleiri en einum umsækjanda.

2 Upplýsingar sem veita skal í umsóknum

2.1 Almennar upplýsingar.

Greina skal frá nafni, heimilisfangi, kennitölu, síma- og faxnúmeri og netfangi umsækjanda. Ef um er að ræða fyrirtæki skal upplýst um alla eigendur þess, sem eiga 5% hlut eða stærri. Ef um er að ræða fyrirtæki í eigu annars fyrirtækis skal upplýst um eigendur hins síðara á sama hátt. Upplýsa skal hvert sé hlutafé og hversu mikið af því hafi verið greitt.

2.2 Starfsemi umsækjanda.

Umsækjandi skal gera grein fyrir núverandi starfsemi sinni; á hvaða sviði hún er og hvaða þjónusta er veitt ef einhver er. Ef umsækjandi stundar nú þegar fjarskiptastarfsemi skal hann lýsa henni í meginatriðum og taka fram hvaða net eru rekin og hvaða þjónusta er veitt og hvers konar viðskiptamönnum hún er ætluð. Skipurit fyrirtækis skal fylgja með umsókninni ásamt upplýsingum um hvaða deild eða deildir bera ábyrgð á umsókninni.

2.3 Tengsl við önnur fjarskiptafyrirtæki.

Umsækjanda ber að upplýsa um tengsl sín við önnur fjarskiptafyrirtæki. Upplýsa skal um beina og óbeina eignaraðild í öðrum fjarskiptafyrirtækjum, um sameiginlegan rekstur eða samstarf að öðru leyti.

2.4 Tæknileg útfærsla.

Umsækjandi skal tilgreina hvaða afbrigði af IMT-2000 stöðlum Alþjóðafjarskiptasambandsins verða notaðir. Einnig skal tilgreina hvaða útgáfa staðlanna verður notuð í upphafi, með tilvísun í ETSI, 3GPP, 3GPP2 eða aðrar sambærilegar alþjóðlegar staðlastofnanir, eftir því sem við á.

2.5 Útbreiðslusvæði og hraði uppbyggingar

Með tilvísun í kafla 1.3 skal tilgreina þá útbreiðslu, sem bjóðandi skuldbindur sig til þess að hafa náð í samræmi við þá áfanga, sem skilgreindir eru hér að neðan:

Áfangar: (Tími frá útgáfu tíðniheimildar)	Skuldbinding um útbreiðslu (Tilgreinist fyrir sérhvert svæði a-d, sbr. kafla 1.3)
T1: 1 ár og 6 mánuðir	P1 % af íbúum landsins alls. (Lágmark 40%, frjálst val um svæði)
T2: 2 ár og 6 mánuðir	P2 % af íbúum sérhvers svæðis a), b), c) og d). (Lágmark 30%)
T3: 4 ár	P3 % af íbúum sérhvers svæðis a), b), c) og d) (Lágmark 60%)
T4: 5 ár og 6 mánuðir	P4 % af samanlögðum íbúafjölda svæða b), c) og d). Afsláttur af tíðnigjöldum er 10 mkr fyrir hvern hundraðshluta umfram 60% en þó að hámarki 150 mkr., ef útbreiðsla nær til 75% íbúa á umræddum svæðum.

Umsækjendur skulu færa inn á sérstakt tilboðsblað, sem sýnt er í viðauka 1, þá útbreiðslu í prósentum af íbúafjölda, P1-P4, sem þeir **skuldbinda sig** til að ná á hverju svæði a–d við lok hvers áfanga T1-T4.

Einnig skal færa inn heildarstigafjölda tilboðsins.

Útreikningur stiga er sýndur í kafla 1.4.

Í viðauka 1 eru sýnd tvö dæmi um útreikning stiga fyrir mismunandi útbreiðslu og uppbyggingarhraða.

Einnig fylgir útboðslýsingu þessari Excel skjal með útreikningi á stigum.

2.6 Fjárhagsstaða

Umsækjandi skal leggja fram þær upplýsingar sem eru PFS nauðsynlegar til að meta fjárhagsstöðu hans, samanber skilmála í kafla 1.2.

Krafa er gerð um sundurliðaða fjárfestingaráætlun vegna fyrirhugaðs farsímanets og þjónustu og að sýnt verði fram á að fjárhagsstaða umsækjanda sé slík að hann geti staðið við uppbyggingu kerfisins.

2.7 Tæknileg geta

Umsækjandi skal gera grein fyrir reynslu sinni af stafrænum farsímakerfum auk starfsreynslu og menntun lykilmanna í starfrækslu þriðju kynslóðar fjarskiptanetsins og þjónustu tengdri því. Jafnframt skal umsækjandi gera grein fyrir hvaða undirverktaka hann hyggur á samstarf við, ef við á.

2.8 Viðbótarúthlutun tíðna

Ef umsækjandi telur vera þörf á viðbótarúthlutun tíðna er honum gefinn kostur á að geta þess í umsókninni ásamt upplýsingum um hvenær slíkrar stækkunar tíðnisviðsins væri þörf. Skal hann þá rökstyðja hvers vegna, t.d. að unnt verði að byggja fjarskiptanetið upp með hægkvæmari hætti eða veita betri þjónustu á því.

Tekið skal fram að ekkert liggur fyrir um að svo stöddu, hvort um viðbótarúthlutanir verður að ræða né hvaða aðferðum verður beitt við slíka úthlutun, ef af verður.

2.9 Réttar upplýsingar.

Upplýsingar umsækjenda skulu veittar með bestu vitund. Rangar upplýsingar geta leitt til þess að umsókn verður hafnað eða ef upp kemst síðar til afturköllunar heimildar. PFS áskilur sér rétt til að hafna umsóknum sem ekki fylgja upplýsingar í samræmi við þetta skjal.

Verði breytingar á högum umsækjanda frá því að umsókn er lögð inn en áður en að veitingu heimildar kemur og þær leiða til þess að veittar upplýsingar eru ekki réttar, skal umsækjandi tafarlaust upplýsa PFS þar um.

2.10 Upplýsingaskylda Póst- og fjarskiptastofnunar.

Að liðnum umsóknarfresti mun PFS birta nöfn umsækjenda, stigafjölda og áætlaðan uppbyggingarhraða. Umsækjendum er heimilt að óska þess að ákveðnar upplýsingar í umsókn þeirra falli undir viðskiptaleynd. PFS mun taka afstöðu til slíkra óska í samræmi við viðeigandi lög og reglur.

Útgefin tíðniheimild telst vera opinbert gagn og verður hún eftir atvikum birt opinberlega.

3 Skilyrði sem fyrirtækjum verða sett í tíðniheimild

Fyrirtækinu verður gert að standa við þær yfirlýsingar sem það gefur í umsókn sinni og sem liggja til grundvallar úthlutun, s.s. skuldbindingar um útbreiðslusvæði og hraða uppbyggingar. Verða þær upplýsingar, sem fram koma í umsókn, taldar til forsendna tíðniheimildarinnar.

Fyrirtæki geta gert ráð fyrir að ákvæði tíðniheimildar verði því sem næst í því formi sem rakið er hér á eftir í köflum 3.1 – 3.11. PFS áskilur sér þó allan rétt til að gera breytingar á þessum ákvæðum og bæta við ákvæðum áður en að veitingu heimildar kemur, ef nauðsynlegt þykir.

3.1 Handhafi tíðniheimildar

---(nafn fyrirtækis) ---, er hér með veitt tíðniheimild til uppbyggingar og starfrækslu farsímakerfa skv. IMT-2000 stöðlum Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) á þeim tíðnisviðum, sem tilgreind eru í kafla 3.3.

3.2 Upplýsingaskylda og eftirlitsúræði

Fyrirtækið skal sæta eftirliti með starfsemi sinni og fjárhag af hálfu PFS, eins og nánar er kveðið á um í 4. gr. laga um Póst og fjarskiptastofnun nr. 69/2003. PFS er ennfremur heimilt að grípa til úrræða sem kveðið er á um í 5. gr. laga nr. 69/2003, þ.e. að krefjast allra upplýsinga sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsingar þessar skulu veittar munnlega eða skriflega allt eftir ákvörðun PFS og innan þeirra tímamarka sem hún setur.

Sem hluti af eftirliti með starfsemi fyrirtækisins og fjárhagsstöðu getur PFS krafist þess að það afhendi henni ársreikninga, milliuppgjör, greinargerðir endurskoðenda þess og aðrar sambærilegar upplýsingar.

PFS getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækisins og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum nr. 8/2005 um þriðju kynslóð farsíma, lögum um fjarskipti nr. 81/2003 eða lögum nr. 69/2003 um PFS, reglum eða einstökum ákvörðunum stofnunarinnar. Við þessar aðgerðir skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

Fyrirtækið skal láta PFS í té allar þær tölfraðilegu upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegt að safna í þeim tilgangi að fylgjast með þróun á fjarskiptamörkuðum, t.d. upplýsingar varðandi fjölda notenda, stærð fjarskiptaneta, umferð um fjarskiptanet, fjölda bilana, fjölda kvartana, notendagjöld, tekjur, útgjöld og fjárfestingar. PFS getur í þessum tilgangi sent út spurningalista með reglulegu millibili og ber fyrirtækinu að svara þeim innan þess tíma sem PFS ákveður.

Fyrirtækið skal tilkynna PFS ef breyting er gerð á nafni þess, heimilisfangi eða fyrirsvari.

3.3 Heimild til tíðninotkunar

Fyrirtækinu verður heimilað að nota tíðnisviðið

19xx-19xx MHz / 21xx-21xx MHz og 19xx-19xxMHz (2 x 15 MHz FDD og 5 MHz TDD)

Hafi fyrirtækið ekki tekið í notkun innan 12 mánaða frá dagsetningu heimildar þessarar að neinu leyti tíðnisvið það sem því er heimilað að nota skv. 1. mgr. áskilur PFS sér rétt til að afturkalla heimildina. Sama gildir ef þjónusta fyrirtækisins er lögð niður lengur en í 6 mánuði samfelld.

PFS getur farið fram á að fyrirtæki breyti eiginleikum tæknibúnaðar sem tengjast tíðniheimild í því skyni að efla hagkvæmni í tíðninotkun eða til þess að draga úr truflanavanda. PFS skal í samráði við fyrirtækið leitast við að halda kostnaði við slíkar breytingar í lágmarki.

3.4 Fjarskiptavirki

Fyrirtækinu er heimilt að setja upp fjarskiptavirki, önnur en búnað fyrir þráðlaus fjarskipti, sem hluta af fjarskiptanetum sínum án sérstakrar heimildar hverju sinni.

Uppsetning radióstöðva (móðurstöðva), sem nota tíðnir skv. tíðniheimild þessari, er háð útgáfu leyfisbréfs. Tilkynna skal fyrirfram til PFS um uppsetningu radióstöðva og tilgreina allar breytur fyrir viðkomandi radióstöð, þ.m.t. staðsetningu, tegund og hæð loftnets, pólun geislunar og sendistyrk. PFS áskilur sér rétt til að takmarka geislað afl á hverjum sendistað í þeim tilgangi að koma í veg fyrir líklegar truflanir, sbr. kafla 3.5.

Staðsetningu radióstöðva skal tilgreina í hnitum skv. ISN93 landshnitakerfinu, Lambervörpun.

3.5 Netbúnaður

Allur radióbúnaður sem notaður verður skal vera CE-merktur af framleiðanda til staðfestingar á því að búnaðurinn uppfylli kröfur R&TTE tilskipunarinnar (1999/5/EC).

Fyrirtækið skal tryggja að búnaður á þess vegum valdi ekki skaðlegum truflunum á öðrum löglegum fjarskiptum.

Fyrirtækinu ber að tilkynna PFS um truflanir sem því eru kunnar, hvort sem þær eru af völdum hans nets eða á því.

PFS getur gert kröfur um breytingar á búnaði í því skyni að koma í veg fyrir vanda vegna truflana. Fyrirtækið skal fyrir eigin reikning hlíta fyrirmælum PFS um að bæta úr truflanavanda sem stafar af búnaði þess.

PFS getur látið innsigla búnað, sem veldur alvarlegum truflunum eða bannað notkun hans sbr. 64. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.

Ef um verulegar og skaðlegar truflanir er að ræða sem ekki reynist unnt að koma í veg fyrir getur PFS afturkallað réttindi til tíðninotkunar.

Fyrirtækið skal gera ráðstafanir til að halda í lágmarki áhættu almennings af rafsegulgeislun sem stafar frá aðgangsnnetinu. Leitast skal við að staðsetja fjarskiptavirki þar sem almenningur verður fyrir sem minnstum áhrifum af slíkri geislun.

Fyrirtækið skal fara eftir fyrirmælum og reglum sem stjórnvöld kunna að setja um rafsegulgeislun þ.m.t. að fylgt sé ákveðnum stöðlum.

Ef í ljós kemur að rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum er yfir viðmiðunarmörkum í reglum eða viðeigandi stöðlum skal fyrirtækið bæta úr því án tafar eða að öðrum kosti hætta notkun viðkomandi fjarskiptavirkis.

Ef samhlöð rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum sem staðsett eru nálægt hvort öðru fer yfir viðmiðunarmörk, án þess að nokkur einstakur búnaður fari yfir mörkin, skal það fyrirtæki sem síðast setti upp búnað bæta úr ástandinu eða hætta notkun búnaðar.

3.6 Útbreiðsla

Innan 10 virkra daga frá lokum hvers áfanga samanber kafla 2.5 skal fyrirtækið upplýsa PFS skriflega um útbreiðslu kerfisins og helstu tæknilega eiginleika kerfisins á hverju svæði, sem hafa áhrif á þá þjónustu, sem veitt verður á hverju svæði. Lögð skulu fram útbreiðslukort ásamt upplýsingum og sundurliðuðum útreikningum um fjölda íbúa sem útbreiðslan nær til.

Verði ekki staðið við uppbyggingu á tilsettum tíma eða ekki staðið við þær skuldbindingar sem fram koma í tíðniheimildinni, er PFS heimilt að afturkalla heimild þessa, ef um meiri háttar vanefndir er að ræða, samanber nánar kafla 3.9.

Í lok hvers áfanga T1, T2, T3, og T4 skal fyrirtækið tilkynna PFS um þann fjölda íbúa í sérhverju svæði a), b), c) og d), sem teljast njóta IMT-2000 þjónustu skv. skilgreiningu í kafla 1.3

Vísað er í kafla 1.3 varðandi skilgreiningu á áföngum og svæðum.

3.7 Framsalsbann

Tíðniheimildin er bundin við löggjöf og kennitölu fyrirtækisins og er ekki framseljanleg eða yfirfæranleg á nokkurn hátt, hvorki að hluta til né í heild.

3.8 Breytingar á ákvæðum heimildarinnar

PFS er heimilt að breyta ákvæðum í heimild þessari til samræmis við breytingar á lögum og reglugerðum og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks. Leiði breytingar á gildistíma heimildarinnar til skerðinga á réttindum fyrirtækisins skv. heimild þessari öðlast það ekki rétt til skaðabóta vegna slíkra skerðinga.

3.9 Afturköllun tíðniheimildar og önnur þvingunarúrræði

PFS getur afturkallað heimild þessa ef fyrirtækið stendur ekki í skilum með þau gjöld og greiðslur sem því ber að greiða skv. lögum nr. 69/2003 um PFS og lögum nr. 8/2005 um þriðju kynslóð farsíma, er veitt greiðslustöðvun eða verður gjaldþrota. Einnig getur PFS afturkallað heimildina ef um brot er að ræða á ákvæðum heimildarinnar eða viðaukum hennar, framagreindum lögum og lögum um fjarskipti nr. 81/2003, reglugerðum um fjarskipti eða reglum settum af PFS eða einstökum á ákvörðunum hennar, þó ekki fyrr en fyrirtækinu hefur verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum innan 30 daga frá tilkynningu stofnunarinnar um brotið.

Þá getur komið til þess að PFS ákveði að beita dagsektum fari fyrirtæki ekki að ákvæðum framangreindra laga, skilmálum tíðniheimildarinnar eða viðaukum hennar, einstökum ákvörðunum PFS eða veitir ekki þær upplýsingar sem því er skylt að afhenda stofnuninni, sbr. 12. gr. laga nr. 69/2003 um PFS.

3.10 Gjöld

Um gjöld sem fyrirtækinu ber að greiða til PFS fer skv. ákvæðum 14. gr. og 14. gr. a) laga um PFS nr. 69/2003 og 4. gr. laga nr. 8/2005 um þriðju kynslóð farsíma.

Vegna álagningar rekstrargjalds skv. 14 gr. laga nr. 69/2003 ber fyrirtækinu að senda PFS áætlun um tekjur af leyfisskyldri starfsemi hvers árs eigi síðar en 8. janúar árið eftir. Að loknum almennum framtalsfresti skv. lögum nr. 90/2003 skal fyrirtækið senda PFS veltutölur að nýju og gera grein fyrir breytingum ef einhverjar eru frá fyrri tölum.

3.11 Gildistími

Heimild þessi gildir í 15 ár frá útgáfudegi hennar.

Viðaukar

Viðauki 1 Tilboðsblað og stigaútreikningur

Blað þetta skal fylla út og láta fylgja umsókn.

Uppgefnar tölur um útbreiðslu og uppbyggingarhraða verða lesnar upp við opnun tilboðs ásamt útreiknuðum stigum fyrir tilboðið.

Nafn umsækjanda: _____

Kennitala umsækjanda: _____

Aðsetur umsækjanda: _____

Skuldbinding um uppbyggingu:

	T1	T2	T3	T4	Stig
Svæði a					
Svæði b					
Svæði c					
Svæði d					
				Stig alls:	_

Skýringar:

Svæði a-d:

a) Höfuðborgarsvæðið (sjá nánar í kafla 1.3); b) Vesturland, Vestfirðir og Norðurland vestra; c) Norðurland eystra og Austurland; d) Suðurland og Suðurnes.

Áfangar T1-T4 (tími frá útgáfu tíðniheimildar):

T1: 1 ár og 6 mánuðir; T2: 2 ár og 6 mánuðir; T3: 4 ár; T4: 5 ár og 6 mánuðir

Umsækjendur skulu færa inn á tilboðsblað þetta þá útbreiðslu í prósentum af íbúafjölda, P1-P4, sem þeir **skuldbinda sig** til að ná á hverju svæði a–d við lok hvers áfanga T1-T4.

Í kafla 1.4 er sýnt hvernig reikna skal stig sem fall af útbreiðslu og uppbyggingarhraða.

Færa skal inn fjölda stiga sem fæst fyrir sérhvert svæði a-d.

Loks skal færa inn samtölu stiga.

Með útboðsgögnum fylgir Excel-skjal sem reiknar út stigafjölda tilboðsins, þegar búið er að færa inn í töfluna P1-P4 fyrir svæði a-d.

Tvö dæmi um útreikning á stigum fyrir mismunandi útbreiðslu og uppbyggingarhraða eru sýnd á næstu blaðsíðu.

Hvernig stig eru reiknuð:

Stigafjöldi umsóknar er reiknaður fyrir hvert svæði á þann veg að prósentutala útbreiðslu í lok hvers áfanga fær mismunandi vægi þannig að því fyrr sem útbreiðslu er náð fást fleiri stig. P4 fær þó sama vægi og P1.

Eftirfarandi formúla gildir: $P1 + 0,75*P2 + 0,5*P3 + P4$.

Höfuðborgarsvæðið fær þó hálf vægi á við önnur svæði og P4 vegur 25%.

Eftirfarandi formúla gildir: $(P1 + 0,75*P2 + 0,5*P3 + 0,25*P4)*0,5$

Heildarstigafjöldi fæst með því að leggja saman stigafjölda allra fjögurra svæða a-d, sbr. kafla 1.3

P1-P4 er sú útbreiðsla í prósentum af íbúafjölda, sem bjóðandi **skuldbindur sig** til að ná á hverju svæði a–d við lok hvers áfanga T1-T4.

Dæmi um stigaútreikning:**Dæmi 1:**

Útbreiðsla skv. lágmarkskröfum (sjá kafla 1.3). Gert ráð fyrir að krafa um 40% útbreiðslu í lok áfanga T1 sé uppfyllt á höfuðborgarsvæðinu eingöngu. Tekið er tillit til þess að 40% útbreiðsla miðað við landið allt samsvarar 64% útbreiðslu á höfuðborgarsvæðinu (sjá viðauka 2). Engin útbreiðsla utan höfuðborgarsvæðisins umfram 60% og því enginn afsláttur af tíðnigjaldi.

Samtals 417,5 stig.

	T1	T2	T3	T4	Stig
Svæði a	64	64	64	64	80,0
Svæði b	0	30	60	60	112,5
Svæði c	0	30	60	60	112,5
Svæði d	0	30	60	60	112,5
	Stig alls:				417,5

Dæmi 2:

Útbreiðsla á höfuðborgarsvæðinu talsvert meiri en lágmarkskröfur, þannig að 100% útbreiðslu þar er náð í lok áfanga T3. Útbreiðsla á svæðum b-d skv. lágmarkskröfum í lok áfanga T2 og T3, en 75% útbreiðslu náð á þessum svæðum í lok áfanga T4, þannig að fullur afsláttur af tíðnigjaldi fæst.

Samtals 488,8 stig.

	T1	T2	T3	T4	Stig
Svæði a	70	90	100	100	106,3
Svæði b	0	30	60	75	127,5
Svæði c	0	30	60	75	127,5
Svæði d	0	30	60	75	127,5
	Stig alls:				488,8

Viðauki 2 Íbúafjöldi – Frá Hagstofu Íslands

Neðangreindar upplýsingar eru miðaðar við 1. desember 2006.

Íbúafjöldi alls á landinu	307.261
----------------------------------	----------------

Skipting á einstök svæði:

Svæði a), höfuðborgarsvæðið	191.612
------------------------------------	----------------

Svæði b)

Vesturland	15.025
Vestfirðir	7.470
Norðurland vestra	7.452
Samtals svæði b)	29.947

Svæði c)

Norðurland eystra	28.555
Austurland	15.350
Samtals svæði c)	43.905

Svæði d)

Suðurland	22.917
Suðurnes	18.880
Samtals svæði d)	41.797

Íbúar samtals á svæðum b), c) og d)	115.649
Hvert 1% íbúa svæða b), c) og d)	1.156

40% íbúa landsins	122.904
40% íbúa landsins sem hlutfall af íbúum höfuðborgarsvæðis	64%